

Lögreglustjórafélag Íslands

Nefndasvið Alþingis,
fjárlaganefnd,
nefndasvid@althingi.is

Borgarnesi, 27. apríl 2017.

Efni: Umsögn Lögreglustjórafélags Íslands um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018-2022, 402. mál.

Eitt af hagstjórnarmarkmiðum ríkisstjórnarinnar er að tryggja og efla opinbera þjónustu og innviði. Til marks um verkefni sem rúmast eiga innan fjármálaáætlunar eru fyrirhuguð kaup á þremur þyrlum fyrir Landhelgisgæsluna. Vonandi gengur sú áætlun eftir.

Staðreynd er að lögreglumönnum við almenna löggæslu hefur fækkað frá árinu 2007 þrátt fyrir fjölgun landsmanna og gríðarlega aukningu erlendra ferðamanna til landsins.

Sýnileiki lögreglu er lítill og vegna þröngs fjárhagsramma hafa lögregluembætti ekki burði til að halda uppi viðunandi löggæslu hér á landi að mati lögreglustjóra.

Sjálfsgætt er að efla landamæragæslu en það má ekki vera á kostnað almennrar löggæslu.

Markmið stjórnvalda er að bæta búnað lögreglu m.a. vegna hryðjuverkavarna og stórfelldra ofbeldisbrota. Það ætti að haldast í hendur við fjölgun lögreglumanna.

Samkvæmt lögum um opinber fjármál, sem tóku gildi 1. janúar 2016, er hallarekstur hvorki í boði né umsemjanlegur enda skýrt tekið fram í lögnum að útgjöld umfram fjárheimildir í árslok skulu dragast frá fjárheimildum næsta árs. Rekstur lögregluembætta er margslunginn og nauðsynlegt í tíma að móta verklag um hvernig fara á með rekstrarafgang, ef einhver er, um áramót en til þess virðist svigrúm í lögum að færa ónýttar fjárheimildi milli ára.

Svigrúm til bættrar almennrar löggæslu virðist ekki til staðar í fjármálaáætlun ríkisstjórnar.

Virðingarfyllst,



Úlfar Lúðvíksson

formaður Lögreglustjórafélags Íslands